

ÁHERSLUR Í FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDAMÁLUM

FJARÐABYGGÐ 2023-2025



FORVARNIR Í FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDSTOFNUNUM

Forvarnarteymi Fjarðabyggðar mun halda utan um forvarnarmál hjá sveitarfélaginu. Forvarnarteymið mun yfirfara niðurstöður úr könnunum sem sveitarfélagið er aðili að, svo sem Skólapúlsinum, Ungu fólki og Íslensku æskulýðsrannsókninni og veita stjórnvöldum, stofnunum Fjarðabyggðar og fagfólki stuðning við að nýta niðurstöður til hagsbóta fyrir fræðslu- og frístundastarf. Forvarnarteymið mun hafa frumkvæði að og styðja við viðburði í sveitarfélaginu, s.s. í tengslum við Forvarnarsdag VA og Fjarðabyggðar, samstarfssamning Heimilis og skóla, Fjarðaforeldra og Fjarðabyggðar og samstarfssamning Fjarðabyggðar við Samtökin '78. Forvarnarteymið mun árlega funda með ungmennaráði Fjarðabyggðar.



LEIÐTOGARÁÐ Í GRUNNSKÓLUM

Leiðtogaráð verða starfandi í öllum grunnskólum Fjarðabyggðar. Með leiðtogaráðum skólanna starfar starfsfólk skóla og félagsmiðstöðva. Leiðtogaráð hvers skóla tekur stöðuna í skólanum, leggur sitt af mörkum við að skapa góðan skólabrag og styðja við hegðun sem eykur vellíðan nemenda og starfsfólks. Leiðtogaráðin munu m.a. standa fyrir uppbyggilegum viðburðum í skóla/félagsmiðstöð.

TÓNLIST Í SKÓLASTARFI

Tónlist verður ríkur þáttur í starfi leik- og grunnskóla. Samstarf og samvinna tónmennta- og tónlistarkennara verður eflað og tónlist í almennu starfi skólanna aukin, m.a. með því að nýta tónlist sem uppbot í námi leik- og grunnskóla, hafa hana hluta af sameiginlegum viðburðum skóla, s.s. söng-, dans- og hreyfistundum. Samstarf tónlistarskóla verður aukið, m.a. með skipulagningu sameiginlegra viðburða, s.s. blásturs- og strengjasveita. Sérstaklega verður litið til samstarfs við þá aðila sem hafa upp á að bjóða tónlistaraðstöðu í sveitarfélaginu.



ÚTIKENNSLA & SKÓLAGARÐAR

Útikennsluástaða verður bætt í hverjum byggðarkjarna og skólar og frístundamiðstöðvar hvattar til að nýta aðstöðuna, m.a. með því að halda útikennslunámskeið fyrir starfsfólk og gera aðstöðuna þannig úr garði að hún henti umhverfisfræðslu. Leitað verður samstarfs við félög, s.s. björgunarsveitir og ferðafélög um útivistarviðburði. Skólagörðum verður komið upp í byggðarkjörnum og skólar og frístundastofnanir fá aðstoð við að nýta sér þá í samvinnu við vinnuskóla.

SAMSTARF, SAMVINNA, SAMEINING

Fjarðabyggð hvetur til samstarfs, samvinnu og sameiningar. Starfsfólk Fjarðabyggðar styður þau félög og stofnanir innan Fjarðabyggðar sem vilja auka samstarf eða sameinast, m.a. með því að boða til skipulagsfunda til að gefa aðilum færi á að stilla saman skóla-, íþrótt- og tómstundastarf. Starfsfólki skóla og frístundastofnana verða veitt aukin tækifæri til samstarfs með aðstoð við myndun faghópa, við ferðir milli stofnana og gerð samninga við sjálfstætt starfandi einstaklinga og/eða stofnanir í t.d. verkgreinum, listum og menningu. Aðferðafræði Lærdómssamfélagsins verður leiðandi í fræðslu- og frístundastofnunum Fjarðabyggðar. Almenningsamgöngur verða styrktar til að auðvelda félags-, menningar- og íþróttastarf. Leitast verður við að koma á árlegum fjölskyldudegi Fjarðabyggðar í samvinnu við aðila í frístunda- og íþróttastarfi, þar sem m.a. skal staðið fyrir kynningu á starfinu.

FRÍSTUNDIR

Skólafrístund færir undir íþrótt- og tómstundamál. Þannig verður allt tómstunda- og frístundastarf barna og unglunga í Fjarðabyggð undir einum hatti. Lögð verður áhersla á að efla frístundastarf með það fyrir augum að það verði rekið allt árið og tekið verði tillit til ólíkra þarfa einstaklinga. Frístundastarf byggist á útivist, hreyfingu, leikjum og íþróttum. Fjarðabyggð mun nota skráninga- og innheimtukerfi, Sportabler eða önnur kerfi. Kerfið sýnir foreldrum og iðkendum öll þau námskeið sem í boði eru í Fjarðabyggð á einum stað.

SKÓLAÞJÓNUSTA

Skólaþjónustan vinnur í anda snemmtækrar íhlutunar með því að veita ráðgjöf og aðstoða við skimanir og greiningar í leik- og grunnskólum. Mótaðar verða frekari áherslur varðandi skólaþjónustuna við innleiðingu nýrra farsældarlaga með það að leiðarljósi að veita skólum og frístundastofnunum meiri stuðning. Úthlutunarlíkön leik- og grunnskóla Fjarðabyggðar verða endurskoðuð með það markmið að efla enn frekar faglegt starf skólanna.



FRÍSTUNDASTARF 16-22 ÁRA

Íþrótt- og tómstundadeild Fjarðabyggðar leitar samstarfs við VA, Menningarstofu Fjarðabyggðar og Austurbrú um rekstur frístundastarfs fyrir aldurshópinn 16-22 ára í Fjarðabyggð. Aðstaða í húsnæði sveitarfélagsins mun standa slíku frístundastarfi til boða.

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

Horfa skal til þess að efla enn frekar hugmyndafræðina um heilsueflandi samfélag. Í því tiliti má líta til göngustígagerðar og merkinga og þjónustu á göngu- og hjólastígum innan bæjarkjarnanna. Sveitarfélagið mun hvetja til almennrar heilsueflingar í gegnum verkefnið Græn skref. Heilsueflingu og tómstundum eldra fólks verður viðhaldið og útveguð aðstaða og leiðsögn.

SKÓLALÓÐIR OG LEIKSVÆÐI

Skipulag skólalóða verður yfirfarið og framkvæmdum, viðhaldi og tækjakaupum á skólalóðum forgangsraðað þannig að aðstaða verði eins sambærileg og hægt er. Aðstaða við fræðslu- og frístundastofnanir verður bætt og hvatt til aukinnar gangandi og hjólandi umferðar.



STARFSUMHVERFI

Horft verður til þess að búa starfsaðstæður barna og starfsfólks í fræðslu- og frístundastofnunum þannig úr garði að þær verði eins sambærilegar og hægt er. Verður þar m.a. horft til betri vinnutíma bæði fyrir börn og starfsfólk. Leitast verður við að kennsla og frístundir yngri barna geti farið sem mest fram á dagvinnutíma. Horft verður til þess að bæta aðgengismál stofnana Fjarðabyggðar.



FJÖLMENNING

Fjarðabyggð er fjölmeningarsamfélag sem nýtir þá styrkleika og tækifæri sem það hefur upp á að bjóða. Í starfi fræðslu- og frístundastofnana nýtir starfsfólk sér fjölbreyttan bakgrunn íbúa samfélagsins, s.s. menningu, hefðir, hátíðisdaga, tungumál og trúarbrögð til að auka þekkingu og efla vísýni. Áhersla verður á íslenskukennslu fyrir innflytjendur og upplýsingar veittar um stuðning við móðurmálsnám tvítyngdra barna. Foreldrasamstarf er sérstaklega mikilvægt og lögð verður áhersla á að frumkvæði komi frá skóla- og frístundastofnunum.



FJARÐABYGGÐ



Teikningar: Hafsteinn Hafsteinsson // Umbrot: Gjallarhorn // Prentun: Héraðsprint